



MOSFELLSBÆR
VIRBING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Gjaldskrár og álagning fasteignagjalda Mosfellsbæjar 2023

Dags: 24. nóvember 2022

Málsnúmer: 202206736/2.5

Starfsmaður: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri, Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri og Anna María Axelsdóttir, staðgengill fjármálastjóra.

Gjaldskrár og álagning fasteignagjalda 2023

Í fjárhagsáætlun 2023 er miðað við að gjaldskrár breytist almennt í samræmi við verðlag á árinu 2022 eða um 9% og hækki því ekki að raungildi. Gjaldskrár sem hækkuðu um 4% síðastliðið haust hækka um 5% 1. janúar svo heildarhækkun sé 9%. Dvalargjöld leikskóla verða óbreytt fyrir 8 tíma vistun en fyrstu og aðrar 30 mínúturnar umfram 8 tíma hækka um krónutölu. Fæðisgjald hækkar um 9%.

Lagt er til að sorphirðugjald hækki úr kr. 49.000 í kr. 56.900 á ári til þess að standa undir kostnaði við sorphirðingu og sorpeyðingu í samræmi við 23. gr. laga 55/2003.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir gjaldskrár sem taka breytingum á árinu 2023. Þar kemur fram hvenær fyrirhugað er að gjaldskrá taki gildi og hvaða vísitölu eða prósentuhækkun miðað er við.

Jafnframt er meðfylgjandi yfirlit yfir álagningaforendur fasteignagjalda 2023. Álagning fasteignagjalda á íbúða- og atvinnuhúsnæði lækka til að koma til móts við hækkun fasteignamats og kemur sú lækkun fram í lækkun álagningarprósentu fasteignaskatts, vatnsgjalds, fráveitugjalds og lóðaleigu A.

Þá eru meðfylgjandi uppfærðar reglur um afslátt af fasteignagjöldum til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hafa verið hækkuð um 3,5% til samræmis við hækkun tekjumarkna ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
Bæjarstjóri

Pétur J. Lockton,
fjármálastjóri

Anna María Axelsdóttir,
staðgengill fjármálastjóra